



FUNDARGERÐ

**10. fundur Vatnsveitu Rangárbings ytra og Ásahrepps
haldinn Fjarfundur í gegnum ZOOM , 3. nóvember 2020
og hófst hann kl. 16:30.**

Fundinn sátu:

Haraldur Eiríksson, Steindór Tómasson, Guðmundur Gíslason, Guðni Kristinsson,
Valtýr Valtýsson, Klara Viðarsdóttir og Tómas Haukur Tómasson.

Fundargerð ritaði: Ágúst Sigurðsson, sveitarstjóri.

Guðni Kristinsson þurfti frá að hverfa fljótlega í upphafi fundar.

Dagskrá:

1. Rekstraryfirlit Vatnsveitu 3112020 - 2010042

Yfirlit um rekstur veitunnar janúar-september

Klara Viðarsdóttir kynnti rekstraryfirlit fyrir veituna janúar-september. Rekstur er í ágætu jafnvægi.

2. Yfirlit frá veitustjóra - 2005018

Veitustjóri fer yfir helstu atriði úr rekstri veitunnar.

Tómas Haukur Tómasson fór yfir rekstur vatnsveitunnar. Ekki hefur verið mikið um ófyrirséð atvik það sem af er árinu og daglegur rekstur gengið ágætlega.

3. Fjárhagsáætlun Vatnsveitu 2021 - 2010043

Undirbúningur

Lögð fram og rædd drög að fjárhagsáætlun 2021. Vinna þarf betur í framkvæmdaáætlun áður en fjárhagsáætlun verður lögð fyrir stjórnina til samþykktar á næsta fundi sem áætlaður er þann 17. nóvember n.k. Ákveðið að efna til vinnufundar stjórnar Vatnsveitunnar í janúar n.k. til að endurskoða langtímaáætlun veitunnar og leggja línurnar fyrir næstu ár nú þegar þessum 3ja ára áfanga stækkunar Lækjarbotnaveitu lýkur.

4. Stækkun Lækjarbotnaveitu - 1908007

Verkfundargerðir 10-13 til kynningar

Lagðar fram verkfundargerðir 10-13 til kynningar. Á þessum tímamarki er 67% verksins lokið miðað við upphaflega verkáætlun.

Fundargerð yfirlésin og staðfest með tölvupósti strax að afloknum fundi.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:40.

Haraldur Eiríksson

Steindór Tómasson

Guðmundur Gíslason

Guðni Kristinsson
